

ar hafi orðið skemmdir miklar af sandfoki 3 síðustu árin, einkum veturinn 1860—61.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að stjórnarráðið, eftir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um atvik málsins, fellst á þá uppástungu yðar, er nú var getið.

1862.  
31. maím.

**35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um aðgjörð á stólum í Bessastaðakirkju.**

2. júnim.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá áætlun þá, er fylgdi bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 5. f. m., um það, hvað mikið fè muni þurfa til aðgjörðar á stólunum í Bessastaðakirkju, þá skal yður nú til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gætið þess, er með þarf í því efni, að frá hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að varið sè í þessum tilgangi hèr um bil 100 rdl. af þeim 4000 rdl., sem til eru færðir í fjárhagslögum þessa árs, 9. gr. G. c, og skal yður hèr með veitt vald til að ávísa síðan fè þessu úr jarðabókarsjóði Íslands þegar verkið er búið.

**36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Skaptafells sýslu.**

2. júnim.

Í bænarskrá þeirri, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 24. febrúarm. þ. á. hefir Gísli Thórarensen, prestur til Dyrhóla og Sólheima prestakalls í Skaptafellssýslu, sótt um að fá árlega þóknun fyrir afgreiðslu suðurlandspóstsins, þá er hann kemur til sýslu þessarar og fer þaðan aptur, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem hafa á hendi starfa þenna án þess hann heyri til embættisskyldu þeirra. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmála-